

# Varpfuglar á Seltjarnarnesi árið 2021

Unnið fyrir Umhverfisnefnd Seltjarnarness



Desember 2021  
Jóhann Óli Hilmarsson

## Ágrip

Fuglalíf Seltjarnarness var vaktað líkt og verið hefur annað hvort ár frá aldamótum. Kríuhreiður voru 1590, flest í Suðurnesi. Dróni var í fyrsta sinn notaður við talningar á kríuhreiðrum og reyndist vel. Fá kríuhreiður voru í Gróttu og væntanlega endurspeglar það umgang minka þar. Nóg virtist vera af sandsíli og afkoma kríunnar var góð. Suðurnes gæti verið orðið fullsetið af kríu, en stækkunarmöguleikar varpsins eru í Gróttu. Mófuglavarp er að mestu liðið undir lok á Valhúsaheð en annars staðar var það með venjubundnum hætti. Jaðrakan hefur orpið samfellt síðan 2015. Óðinshani með varpatferli var í Dal í Suðurnesi og þar var líka lómur með unga, hann er nýr varpfugl á Seltjarnarnesi. Álftapar var á Bakkatjörn er reyndi ekki varp. Vel á þriðja tug grágæsapara varp. Stök pör eða kollur brandanda, garganda og skúfanda komu upp ungum, en meira var af stökkandar- og æðarkollum með unga. Aðeins 15 stökkandarsteggir felldu flugfjaðrir, sem er með alminnsta móti. Nokkuð sást af sjaldgæfum fuglum en engin ný fuglategund fyrir svæðið. Minkur er skaðvaldur í fuglavarpi og mikilvægt eða eyða honum jafnharðan og hann kemur á nesið. Nýir friðlýsingarskilmálar og stækkun friðlands í Gróttu og friðlýsing Seltjarnar eru lóð á þá vogarskál, að tryggja auðugt fuglalíf á Seltjarnarnesi. Drekaþrettasiglingar hafa verið áberandi við Seltjarnarnes síðustu ár. Rannsóknir erlendis sýna að þétt fuglavarp og slíkar siglingar fara ekki saman. Eindregið er hvatt til þessa að iðkendur þessa sports leiti annað á varptíma fuglanna. Þetta á sérstaklega við um Seltjörn og Bakkavík.



**1. mynd.** Kríuvarpið í Gróttu 2021. Það var á smábletti uppið húsinn, aðeins um 35 hreiður. Þetta er sterk vísending um afrán minks. Ljósm. JÓH 14. júní 2021.

## Efnisyfirlit

|  |    |
|--|----|
| Ágrip .....                                | 2  |
| Efnisyfirlit .....                         | 3  |
| Inngangur .....                            | 4  |
| Aðferðir .....                             | 4  |
| Niðurstöður – Umræða .....                 | 5  |
| Varpfuglar – Kría .....                    | 5  |
| Varpfuglar – Mófuglar .....                | 10 |
| Varpfuglar – Andfuglar .....               | 11 |
| Varpfuglar - Aðrir .....                   | 12 |
| Aðrir fuglar .....                         | 12 |
| Minkur á Seltjarnarnesi .....              | 12 |
| Friðlýsing Seltjarnar – Drekaþrettin ..... | 13 |
| Lokaorð .....                              | 14 |
| Heimildir .....                            | 15 |
| Viðaukar .....                             | 17 |



**2. mynd.** Lómur fæðir stálpaðan unga. Lómur hefur að öllum líkindum orpið í Dal í Suðurnesi í ár. Myndin er tekin í Friðlandinu í Flóa. Ljós. JÓH.

## Inngangur

Að beiðni Umhverfisnefndar Seltjarnarness frá 15. mars 2021, tók undirritaður að sér að kanna útbreiðslu og þéttleika varpfugla á Seltjarnarnesi sumarið 2021. Þessi könnun var unnin á svipaðan máta og verið hefur frá aldamótum. Aðaláherslan var lögð á að telja kríur, en einnig voru fuglar á Bakkatjörn og í Dal í Suðurnesi taldir nokkuð reglulega. Mófuglar voru taldir á varpstöðum kríunnar, í Suðurnesi, Gróttu og á Snoppu. Valhúsahæð var heimsótt og svipast um eftir varpfuglum.

Ítarleg úttekt var gerð á fuglalífi á Seltjarnarnesi sumarið 1986 (Jóhann Óli Hilmarsson & Ævar Petersen 1997). Árin 1996, 1997 og 1999 var stærð kríuvarpsins metin í Gróttu en ekki annars staðar á nesinu. Þéttleiki og útbreiðsla allra varpfugla var kannaður vorið 2000 og kríur voru taldar árið 2001 og síðan annað hvert ár (Jóhann Óli Hilmarsson 2019). Verndaráætlun fugla og fuglasvæða á Seltjarnarnesi leit dagsins ljós í desember 2016 (Jóhann Óli Hilmarsson 2016). Þar birtist ítarlegasta úttekt á fuglalífinu síðan Náttúrufróun á Seltjarnarnesi kom út 1997.

Ólafur Einarsson aðstoðaði við talningar. Jón Hjaltason veitti upplýsingar um varpfugla og Brynjar Þór Jónsson, sviðsstjóri Skipulags- og umhverfissviðs, um minkaveiði. Ólafur K. Nielsen las yfir drög að skýrslunni. Hannes Tryggvi Hafstein er formaður Umhverfisnefndar. Þeim er öllum þakkað samstarfið.

## Aðferðir

Kríutalning fór fram 14. júní. Tveir menn töldu. Varptími kríunnar virtist vera á „venjulegu“ róli, en hann hefur sveiflast nokkuð frá aldamótum, á þeim tíma sem kríuvarpið hefur verið vaktað með reglubundnum hætti. Stærðin á varpinu var metin með sömu aðferðum og beitt hefur verið þessa tvo áratugi. Nú var líka bryddað uppá nýbreytni og gerð tilraun með að nota dróna samhliða hefðbundnum sniðtalningum í sumum vörpum í Suðurnesi. Aðferðir við talningar á kríuhreiðrum voru þessar:

- Lítil vörp voru talin beint, fuglar á hreiðrum voru taldir úr fjarlægð af tveimur athugunarmönnum. Sú talning var síðan studd með því að fæla fuglana upp og telja þá að nýju á flugi.
- Stærð stærri varpa var metin á þann hátt, að handahófsvalið snið var gengið þvert í gegnum varpið. Talningin tók aðeins nokkrar mínútur og voru fuglarnir fljótir að setjast aftur á hreiðrin, þeir eru mannvanir og fældust því sáralítið. Upphaf- og lokapunktur sniðs voru í jaðri varpsins. Öll kríuhreiður á 3 m breiðri sniðlínu voru talin, talningarmenn gengu línuna með 3 m band strekkt á milli sín og töldu öll kríuhreiður undir bandinu. Urpt (eggjatala) hvers hreiðurs var skráð og einnig í hreiðrum nærri sniðinu, þó þau væru ekki talin. Lengd sniðs var skráð og mæld með GPS tæki. Flatarmál varpa var mæld með GPS tæki á vettvangi og einnig skoðað á loftmynd map.is. Vörpin voru afmörkuð á loftmyndir (4. og 5. mynd). Flatarmál sniðs var reiknað, út frá því þéttleiki á fermetra, sem síðan var margfaldaður með flatarmáli varpsins og með því fékkst heildartala hreiðra (1. tafla og 1. viðauki). Heimsókn í Gróttu var með leyfi Umhverfisstofnunnar.
- Flogið var með dróna (DJI Mavic 2 Pro með Hasselblad L1D myndavél með 28 mm f. 2,8 linsu) yfir vörp D, E, F og K í Suðurnesi (4. mynd), myndir teknar af þeim og kríur sem sátu á hreiðrum síðan taldar af myndunum í tölvu (6.-9. mynd). Fremur auðvelt er að gera sér grein fyrir hvort kría sitji á hreiðri eða hvort hún sé standi bara í varpinu og liggi ekki á. Fuglar sem lágu ekki á, stóðu flestir við hlið maka síns á hreiðri.

Kríurnar settust fljótlega eftir að dróninn tók að sveima yfir varpinu. Það voru helst nálægir tjaldar sem gerðu aðsúg að flygildinu.

Fuglar voru taldir á Bakkatjörn og í Dal í Suðurnesi fjórum sinnum yfir sumarið, auk þess sem stuðst var við athuganir á skráningarvefnum eBird (eBird 2017). Í viðauka 2. eru 6 talningar á tjörninni í Dal og í viðauka 3. eru 7 talningar á Bakkatjörn. Talningar á tjörnunum voru venjulega framkvæmdar úr bíl, tjörninn í Dal var talin frá bílastæðinu við golfvöllinn og Bakkatjörn talin af Bakkagranda. Notaður var handsjónauki með stækkuninni 10x42 og fjarsjá með stækkuninni 25–55x82. Aðrir fuglar voru skráðir eftir fönfum í heimsóknum á Framnesið. Mófuglar voru skráðir og kortlagðir við kríutalningu 14. júní. Eitthvað var skráð í öðrum heimsóknum hvað sást af mófuglum og Valhúsahúsahæð var heimsótt 1. júní og hugað að varpfuglum.

## Niðurstöður – Umræða

### Varpfuglar – Kría

Kríuvarp sumarið 2021 var í góðu meðallagi eða aðeins meira en var 2019 (Jóhann Óli Hilmarsson 2019). Sama eða svipuð þróun er í gangi nú og lýst var fyrir tveimur árum. Vörpin í Suðurnesi eru fá, en þétt. Dreifing varpa er eins og þá, en varpið í Dal er aðeins útbreiddara heldur en 2019 (A2, 4. mynd). Hin vörpin voru mjög svipuð að útbreiðslu. Vörpin þrjú kringum vinnuskúra golfvallarins (D, E, F; 6., 7. og 8. mynd) eru heldur minni nú en fyrir tveimur árum, en niðurstaðan kann að stafa af breyttum talningaraðferðum (2. tafla, 1. viðauki).

Vörpin í Gróttu og á Snoppu voru ósköp rýr. Á báðum stöðum var mikil fækkun frá síðustu talningu. Varpið á Snoppu hefur ekki verið minna síðan 2013 og í Gróttu síðan 2017 (1. mynd), en varpið þar hefur sveiflast mikið frá upphafi talninga, frá 5 hreiðrum 2011 uppí 1750 metárið 2005 (3. mynd). Ástæðan fyrir hrapinu í Gróttu og staðsetningu þessara fáu hreiðra uppvið húsin bendir til afráns og þá kemur minkur fyrst upp í hugann (1. og 5. mynd). Ekki er gott að segja hver ástæðan er fyrir samdrætti á Snoppu, en umferð gangandi manna hefur aukist þar mikið á undanförunum árum og jafnframt gætu hundar haft eitthvað að segja.

Talning á kríuhreiðrum með dróna skilaði góðum árangri (6.–9. mynd). Kríurnar flugu upp þegar dróninn birtist á lofti. Þær voru fljótar að setjast aftur og var hægt að mynda þær úr hæfilegri fjarlægð til að hægt væri að telja hreiðrin í tölvu. Kríurnar eru smávxnar og hreiðrin lítilfjörleg, svo stundum þurfti að rýna í myndirnar til að ákvarða að þar færi kría á hreiðri, sjá aðferðir. En hettumálfsvörp eru auðtaldari. Slæðingur var af fuglum á flugi eins og gengur og gerist í kríuvörpum og voru þeir ekki taldir með. Samanborið við eldri aðferðir, sniðtalninguna, þá virðast þær bæði vanmeta og ofmeta, ef við reiknum með að tölurnar úr drónatalningunni séu réttar. Þessi aðferð er komin til að vera og verður væntanlega notuð á öll stærri vörp í næstu talningu.

Meðalurptin var 1,6 egg á hreiður og er það hæsta meðalurpt síðan fyrir hrúnið 2005 (2. tafla). Meðalurpt er mælikvarði á fæðuframboð. Afkoma kríuunga var mjög góð. Kríur voru að bera feit og pattaraleg sandsíli í ungana. Ungar sáust á öllum svæðum, en þeir voru sums staðar ögn síðubúnir, þeir síðustu urðu fleygir seint í júlí.


**1. Tafla.** Dreifing og tala kríuhreiðra á Seltjarnarnesi 1986–2021. Aðeins var talið í Gróttu á árunum 1996–1999.

| Svæði                  | 1986       | 1996        | 1997      | 1999        | 2000        | 2001        | 2003        | 2005        |
|------------------------|------------|-------------|-----------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| <b>Bakktjörn</b>       | 200        |             |           |             | 50          | 150         | 110         | 120         |
| <b>Suðurnes, Dalur</b> | 50         |             |           |             | 700         | 770         | 750         | 710         |
| <b>Suðurnes, annað</b> | 200        |             |           |             | 700         | 1090        | 1240        | 1630        |
| <b>Snoppa</b>          | 60         |             |           |             | 200         | 280         | 250         | 340         |
| <b>Gróttu</b>          | 450        | 1150        | 820       | 200         | 200         | 360         | 800         | 1750        |
| <b>Samtals</b>         | <b>960</b> |             |           |             | <b>1850</b> | <b>2650</b> | <b>3150</b> | <b>4550</b> |
| Svæði                  | 2007       | 2009        | 2011      | 2013        | 2015        | 2017        | 2019        | 2021        |
| <b>Bakktjörn</b>       | 10         | 65          | 0         | 1           | 0           | 0           | 0           | 0           |
| <b>Suðurnes, Dalur</b> | 85         | 220         | 0         | 750         | 550         | 710         | 245         | 680         |
| <b>Suðurnes, annað</b> | 205        | 640         | 5         | 890         | 890         | 1235        | 847         | 785         |
| <b>Snoppa</b>          | 110        | 390         | 0         | 61          | 370         | 405         | 180         | 90          |
| <b>Gróttu</b>          | 100        | 660         | 5         | 358         | 430         | 20          | 240         | 35          |
| <b>Samtals</b>         | <b>510</b> | <b>1975</b> | <b>10</b> | <b>2060</b> | <b>2240</b> | <b>2370</b> | <b>1512</b> | <b>1590</b> |

Fæðuskilyrði voru hagstæð, svo og tíðarfar. Kríuvarpið hefði átt að geta náð svipaðri stærð og í upprisunni eftir hrúnið, á árunum 2013–2017, kringum 2300 hreiður, en eitthvað stendur í vegi. Varpið er enn bara þriðjungur frá metárinu 2005. Líklega er Suðurnesið orðið fullt, blettirnir á golfvöllinum fullsetnir, gróðurinn of gróskumikill í Dal og truflun of mikil í Snoppu. Þá er Gróttu eftir, þar liggja möguleikar kríunnar, en hún þarf frið þar, bæði fyrir mönnum og dýrum. Fyrir tveimur árum var varpafkoma og afrán skoðað bæði í Gróttu og Suðurnesi (Elísa Skúladóttir & Sigurlaug Sigurðardóttir 2019). Þá var bæði verri afkoma og meira afrán í Gróttu. Afrán minka var talið vera orsök lélegrar varpafkomu þar, en máfar áttu einhvern hlut að máli. Minkur hefur líklega verið í Gróttu yfir varptímam síðastliðið sumar og því var varpið svo lítið sem raun bar vitni.

**2. tafla.** Urpt kríu í 11 athugunum á Seltjarnarnesi. Engar kríur urpu 2011.

| Urpt/ár            | 1997        | 2001        | 2003        | 2005        | 2007       | 2009       | 2013        | 2015 | 2017        | 2019        | 2021       |
|--------------------|-------------|-------------|-------------|-------------|------------|------------|-------------|------|-------------|-------------|------------|
| <b>1 egg</b>       | 7           | 15          | 19          | 14          | 20         | 57         | 117         | 83   | 102         | 96          | 71         |
| <b>2 egg</b>       | 28          | 59          | 81          | 161         | 2          | 56         | 101         | 69   | 78          | 29          | 90         |
| <b>3 egg</b>       | 13          | 18          | 21          | 26          | 0          | 2          | 0           | 2    | 0           | 0           | 3          |
| <b>Hreiður - n</b> | 48          | 92          | 121         | 201         | 22         | 115        | 218         | 154  | 180         | 125         | 164        |
| Meðalurpt          | <b>2,13</b> | <b>2,62</b> | <b>2,02</b> | <b>2,06</b> | <b>1,1</b> | <b>1,3</b> | <b>1,46</b> | 1,47 | <b>1,43</b> | <b>1,23</b> | <b>1,6</b> |



3. mynd. Niðurstöður 16 krítalninga á Seltjarnarnesi 1986–2021. Eingöngu var talið í Gróttu á árunum 1996, 1997 og 1999.



4. mynd. Kríuvörp í Suðurnesi sumarið 2021. Loftmynd af vef Seltjarnarnesbæjar.



5. mynd. Kríuvörp á Snoppu og í Gróttu. Loftmynd af vef Seltjarnarnesbæjar.



6. mynd. Kríuvarp D 14. júní 2021. Hreiðrin 118 eru sýnd með rauðum doppum. Ljós. JÓH.





**7. mynd.** Kríuvarp E þann 14. júní 2021. Hreiðrin eru sýnd með gulum doppum. Þau voru 347 á þessu svæði.



**8. mynd.** Kríuvarp F 14. júní 2021. Hreiðrin 147 eru sýnd með rauðum doppum. Ljós. JÓH.



**9. mynd.** Krúvarp K 14. júní 2021. Hreiðrin eru sýnd með rauðum doppum, þau voru 152 á þessum bletti.

### Varpfuglar – Mófuglar

Mófuglar voru aðeins taldir í Suðurnesi, á Snoppu og í Gróttu samhliða öðrum athugunum og ein heimsókn var á Valhúsa-hæð. Ekkert sérstakt átak var í gangi eins og í síðustu talningu. Tölur voru á svipuðu róli og síðustu ár og varppör jafnmörg og 2013, en þá var einnig talið við Nes (3. tafla). Jaðrakan sem fannst fyrst verpanði 2015, hefur náð fóttfestu og nú sást óðinshani með varpatferli í Dal í Suðurnesi, það er orðið nokkuð umliðið síðan hann varp síðast, líklega ekki síðan 1991.

**3. tafla.** Áætlaður fjöldi mófuglapara á nokkrum opnum svæðum á Framnesi Seltjarnarness. Ekki var talið kringum Nes og Bakktjörn að þessu sinni, því er heildartalan í lægra lagi. Samanborið við talningu 2019, en þá var talið á öllu Framnesinu, er þéttleiki mjög svipaður á þeim svæðum sem talin voru. Heildartölur árána 2011–19 eru teknar með til samanburðar.

| Mófuglar       | Suðurnes  | Snoppa    | Gróttu   | Valhúsa<br>-hæð | Samtals<br>2021 | 2011      | 2013      | 2017      | 2019      |
|----------------|-----------|-----------|----------|-----------------|-----------------|-----------|-----------|-----------|-----------|
| Tjaldur        | 8         |           |          | 1               | 9               | 8         | 11        | 9         | 9         |
| Sandlóa        |           | 1         | 1        |                 | 2               | 3         | 4         | 3         | 2         |
| Heiðlóa        |           |           |          |                 |                 |           |           | 1         |           |
| Hrossagaukur   | 3         | 4         | 2        |                 | 9               | 8         | 6         | 9         | 14        |
| Jaðrakan       | 1         |           |          |                 | 1               |           |           | 2         | 2         |
| Stelkur        | 6         | 4         | 2        |                 | 12              | 20        | 12        | 20        | 22        |
| Óðinshani      | 1         |           |          |                 |                 |           |           |           |           |
| Þúfutittlingur | 3         | 2         | 2        |                 | 7               | 11        | 10        | 9         | 14        |
| Maríuerla      | 2         |           | 2        |                 | 4               | 4         | 1         | 3         | 3         |
| <b>Alls</b>    | <b>24</b> | <b>11</b> | <b>9</b> | <b>1</b>        | <b>44</b>       | <b>54</b> | <b>44</b> | <b>56</b> | <b>66</b> |

Valhúshæð var síðast skoðuð 2017. Þá fundust þar 5 pör fjögurra tegunda mófugla með varpatferli, auk þess sem heiðlóa og stökkönd sáust, sem gætu hafa orpið og svo svartprestir og skógarprestir í ætisleit úr nálægum görðum. Nú fannst aðeins eitt tjaldspar, stakur spói, sílamáfur og stari á flugi. Lausir hundar eru vágestir í varpi, meðan ég gekk um hæðina þann 1. júní mætti ég manni með hund í bandi og öðrum með lausan hund.

### Varpfuglar – Andfuglar

Fuglar voru taldir á tjörnunum (Bakkatjörn og í Dal) nokkrum sinnum yfir sumarið og aðeins á öðrum stöðum, eins og Búðatjörn. Þetta yfirlit byggir á þeim talningum, sjá 4. töflu og 2. og 3. viðauka.

Geldálftaparið hafði Bakkatjörn á valdi sínu, en reyndi ekki varp svo kunnugt sé. Þó varði karlfuglinn tjörnina af krafti. Ungar hafa ekki komist á legg síðan 2017. Álftir virðast ekki vilja nema land í Dal, svo unnendur álftavarps á Bakkatjörn verða að bíða þolinmóðir þangað til aðrar álftir taka yfir eða frjósemi aukist hjá þarinu.

Grágæsavarp var með mesta móti, en erfitt var að telja gæsirnar því þær héldu til í háum gróðri og sáust illa. Í Dal voru um 15 pör með unga og nokkur pör annars staðar, m.a. sást 1 á Búðatjörn. Tvö pör sáust í Gróttu, en ekki er vitað hvort það voru varpfuglar.

**4. tafla.** Nokkrar tölur yfir varpafkomu, fellifugla o.fl. hjá andafuglum á Seltjarnarnesi 2000–2021. Æðarfugli er sleppt.

| Teg.                 | Aldur/kyn              | 2000 | 2003 | 2005 | 2007 | 2009 | 2011 | 2015 | 2017  | 2019  | 2021 |
|----------------------|------------------------|------|------|------|------|------|------|------|-------|-------|------|
| <b>Álft</b>          | Ungar                  | 4    | 5    | 5    | 4    | 4    | 4    | 0    | 2     | 0     | 0    |
| <b>Grágæs</b>        | Pör með unga           | 5    | ?    | 3    | 5    | ?    | 8    | ?    | 10–15 | 10–15 | 20+  |
| <b>Grágæs</b>        | Ungar                  | ?    | ?    | ?    | 17   | 32+  | ?    | ?    | 30–45 | 30–45 | 50+  |
| <b>Brandönd</b>      | Pör með unga           |      |      |      |      |      |      |      | 1     | 1     | 1    |
| <b>Brandönd</b>      | Fleygir ungar          |      |      |      |      |      |      |      | 3     | 3     | 5    |
| <b>Rauðhöfða-önd</b> | Kollur með unga        |      |      |      |      |      |      |      |       | 1     | 0    |
|                      | Fleygir ungar          |      |      |      |      |      |      |      |       | 6     | 0    |
| <b>Stökkönd</b>      | Kollur með unga        | 7    | ?    | 4    | 10   | 12   | 1    | 8+   | 2     | ?(2+) | 5+   |
| <b>Stökkönd</b>      | Fellisteggir           | ?    | ?    | 49   | 60   | 76   | 46   | 30   | 24    | 19    | 15+  |
| <b>Gargönd</b>       | Kollur með unga        | 1    | ?    | 0    | 2    | 5    | 0    | 0    | 2     | 0     | 1    |
| <b>Gargönd</b>       | Vorhámark <sup>1</sup> | ?    | ?    | 13   | 17   | 11   | 6    | 4    | 5     | 6     | 5    |
| <b>Skúfönd</b>       | Kollur með unga        | 2    | 5    | 0    | 2    | 9    | 2    | 0    | 0     | 0     | 1    |
| <b>Skúfönd</b>       | Fellisteggir           | ?    | ?    | 9    | 10   | 6    | 7    | 5    | 8     | 6     | 11   |

<sup>1</sup> Vorhámark gargandar á við alla fugla sem sáust.

Brandandarpar varp við Bakkatjörn, 5. árið í röð og kom upp ungum. Þarið sást víðar, bæði á Búðatjörn og í Dal. Áætlað var að fimm stökkandarkollur hafi verið með unga, en sú tala er væntanlega of lág. Hreiður með 9 eggjum fannst í Dal. Einungis 15 stökkandarsteggir felldu flugfjaðrir, sem er töluvert minna en undafarin ár og bara fimmtungur af þeim fjölda sem var 2009. Ein gargandarkolla var með unga í Dal, en þær rokka frá engri og uppí 5. Ein skúfandarkolla var með unga, einnig í Dal og 11 steggir felldu flugfjaðrir á Bakkatjörn. Erfitt er að meta fjölda æðarfugla, kollurnar flakka milli sjávar og tjarna með ungana. Í Dal sáust að minnsta kosti 8 kollur með 37 unga 14. júní og stök kolla með 4 unga á Bakkatjörn sama dag. Þar sáust 3 kollur með 5 unga 5. júlí. Nokkur klakin æðarhreiður fundust í Gróttu. Engar aðrar endur sýndu varptilburði.

### Varpfuglar - Aðrir

Alls fundust 7 hettumáfshreiður í kríuvarpinu í Dal þann 14. júní. Hettumáfurinn lifir þar í friði og spekt við kríuna og aðra fugla.

Talið er að lómur hafi orpið við tjörnina í Dal í Suðurnesi síðastliðið sumar. Dagana 19. og 27. júní 2021 sáust tveir lómar á Bakkatjörn. Síðan sást stakur lómur í Dal 6. og 27. ágúst. Yann Kolbeinsson fuglafræðingur sá svo fullorðinn lóm mata stálpaðan unga þann 28. ágúst og taldi engan vafa á því að hann hafi orpið við tjörnina í Dal (2. mynd). Síðast sást stakur lómur 30. ágúst (eBird 2021). Merkilegast er að enginn lómur eða lómar sáust í talningum í júní og júlí, lómurinn er ekki beint felugjarn eða hljóðlátur fugl. Lómar hafa einstaka sinnum sést á Bakkatjörn að sumarlagi, en þeir eru aðallega vetrargestir á sjónum umhverfis Seltjarnarnes. Það eykur enn á auðlegð fuglafánu Nessins, ef lómurinn nemur þar land.

### Aðrir fuglar

Engir nýir fuglar bættust við listann frá síðustu skýrslu. Árið 2020 sáust meðal annars hringmáfur og þaraperna 8.-13. apríl (Sigmundur Ásgeirsson, Stefán Áki Ragnarsson o.fl.). Á þessu ári var aðeins líflegra yfir sjaldgæfum fuglum; rúkragakarl hélt til á Framnesinu, aðallega við Bakkatjörn, frá 23. mars til 24. apríl (Árni Árnason o.fl.). Bæjasvala sást í Eiðsmýri 15. apríl (Róbert Arnar Stefánsson), hvinönd á Bakkatjörn 22. maí (Einar Ó. Þorleifsson), dvergmafur á Bakkatjörn 7. sept. (Hallgrímur Gunnarsson), trjámáfur s.st. 13.-15. sept. (Þorfinnur Sigurgeirsson o.fl.) og sportittlingur 2. nóvember við Bakkavík (Alex Máni Guðríoarson, Britta Steger).

Heiðlóa sást á Leirum 18. janúar 2020. Það færir í vöxt að heiðlóur hafi vetursetu á Seltjarnarnesi, en töluverð áraskipti eru samt að því. Mildari haust í kjölfar loftslagsbreytinga gætu verið ástæðan fyrir þessum breyttu háttum lóunnar. Máfar sækja sem fyrr á Bakkatjörn til að baða sig og hvíla. Þegar kríutalning stóð yfir sáust tugir stara víða á Framnesinu. Þetta voru nýfleygir ungar ásamt foreldrum sínum.

### Minkur á Seltjarnarnesi

Umhverfisnefnd fjárfesti í 15 nýjum minkavörnum vorið 2020, sem eru staðsettar nærri fjöru allt í kringum Seltjarnarnes. Guðmundur Björnsson hjá MM vörnum vitjar um gildirnar mánaðarlega, nema að ekki er farið í Gróttu á varptíma. Lokunin er tekin svo bókstaflega að meindýraeyði er ekki einu sinni hleypt í eyna til að reyna að verja varpið gegn minkum, þó sýnt hafi verið framá að þeir geti haft mjög neikvæð

áhrif á það! Það er einhver hugsanavilla hjá Umhverfisstofnun og þvert á alla umhverfisvernd, að leyfa ekki að reynt sé að halda innfluttum og ágengum tegundum frá eygni, en friða hana þess í stað fyrir mink á varptímanum. Enda bar kríuvarpið í Gróttu þess merki síðastliðið sumar, að afrán minks héldi því í skefjum.

Í 5. töflu sést veiðin í gildrunum á árinu 2021. Minkar komu í 6 af 15 gildrum, alls 12 dýr. Tvær gildirur eru veiðnastar, gildra 6 í sunnanverðri Gróttu og gildra 12 við Búðatjörn í Suðurnesi.

**5. tafla.** Minkaveiði í 15 gildrum á Seltjarnarnesi 2021. Vitjað var um gildrunar mánaðarlega nema ekki var farið í Gróttu á lokunartíma hennar (litað grátt og hvítt).

| Staðsetning/<br>vitjað um | 20.<br>01. | 22.<br>02. | 21.<br>03. | 25.<br>04. | 24.<br>05. | 14.<br>06. | 21.<br>07. | 18.<br>08. | 13.<br>09. | 15.<br>10. | 14.<br>11. | 13.<br>12. | Alls |
|---------------------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|------|
| 1 Norðurströnd            |            |            |            |            |            |            |            |            |            |            | 1          |            | 1    |
| 2 Grótta                  |            |            |            |            |            |            |            |            |            |            |            |            |      |
| 3 Grótta                  |            |            |            |            |            |            |            |            |            |            |            |            |      |
| 4 Grótta                  |            |            |            |            |            |            |            |            |            |            |            |            |      |
| 5 Grótta                  |            |            |            |            |            |            |            |            |            |            |            |            |      |
| 6 Grótta                  |            |            |            |            |            |            |            | 1          |            |            | 1          | 1          | 3    |
| 7 Snoppa                  |            |            |            |            |            |            |            |            |            |            |            |            |      |
| 8 Kotagrandi              |            |            |            |            |            |            |            |            |            |            |            |            |      |
| 9 Suðurnes                |            |            |            |            |            |            |            |            |            |            |            |            |      |
| 10 Suðurnes               |            |            |            |            |            | 1          |            |            |            |            |            |            | 1    |
| 11 Suðurnes               |            |            | 1          |            |            |            |            |            |            |            |            |            | 1    |
| 12 Suðurnes               |            |            |            |            |            |            |            | 1          | 1          | 3          |            |            | 5    |
| 13 Steinavör              |            | 1          |            |            |            |            |            |            |            |            |            |            | 1    |
| 14 Sæbraut                |            |            |            |            |            |            |            |            |            |            |            |            |      |
| 15 Tjarnarstígur          |            |            |            |            |            |            |            |            |            |            |            |            |      |
| Alls                      |            |            | 0          | 1          | 0          | 1          | 0          | 2          | 1          | 3          | 2          | 1          | 12   |

## Friðlýsing Seltjarnar – Drekaþreitin

Nokkur umræða varð um drekaþreitasiglingar (*kitesurfing*) á Seltjörn og í nágrenni Gróttu. Ég skrifaði umsögn fyrir Umhverfisnefndina í desember 2019, þar sem niðurstaðan var að drekaþreiti trufla fugla meira en flestar aðrar siglingar, að hraðbátum og sæpotum undanskildum. Þau valda meiri truflun en seglbretti, hefðbundnir mótorbátar, seglbátar, árabátar og kajakar. Lokaorð samantektarinnar voru þessi: „Drekaþreitaðkendum þurfa að taka fullt tillit til Gróttu sem varplands og uppeldisstöðvar unga margra fuglategunda og þá sérstaklega kríunnar. Krían er á valista sem tegund í nokkurri hættu (VU, Náttúrufræðistofnun 2018). Stækka þarf „landhelgina“ í a.m.k. 300 m eins og raunin er með nýlega friðlýsingu Akureyjar, 60 faðma landhelgi er barn síns tíma. Jafnframt ætti að friðlýsa Seltjörn sem verið hefur á náttúruminjaskrá um áratugaskeið, ásamt fjörum og grunnsævi á Framnesinu, ytri hluta Seltjarnarness. Eins er lagt til að friða þetta svæði í tillögum að B-hluta Náttúruminjaskrár, sjá t.d. Náttúrufræðistofnun 2019. Seltjörn er mikilvæg fyrir uppeldi unga, sem setstaður kríu, fæðusvæði gæsa og æðarfugls; fjörur hennar eru viðkomustaðir vaðfugla, þar á meðal umferðarfugla á leið milli varpstöðva á Grænlandi og Íshafseyjum Kanada og vetrarstöðva í Evrópu og Afríku og fleira. Lokun

á varptíma fyrir öllu sjósporti, sem getur valdið truflun, ætti að spanna tímabilið frá 1. maí til 15. ágúst. Varptími kríu hefur seinkað á síðustu árum og verða síðustu ungar ekki fleygir fyrr en um mánaðamótin júlí/ágúst. Jafnframt hefur ásókn mannfólks, í hinum margvíslegustu erindagjörðum, aukist til muna.“

Það er litlu við þetta að bæta. Stækkun friðlands Gróttu og friðlýsing Seltjarnar er nú í umræðunni og styð ég hana heilshugar, öll náttúruvernd á Seltjarnarnesi hefur reynst heilladrjúg fyrir Seltirninga, bæði fleyga og ófleyga og vonandi munu þeir halda áfram á sömu braut, þangað til framtíð allar fjörur og allra tjarna er tryggð, sem og viðkvæmustu varpsvæða inn til landsins.

## Lokaorð

Krían er stolt Seltirninga og mikil þrygð af kríuvarpi í túnfæti bæjarins, það sýnir að fuglarnir treysta fólkinu og vilja vera í nábýli við það. Krían er langförlust allra heimsins fugla, hér á Nesinu vill hún ala upp sín afkvæmi og okkur ber að taka vel á móti henni. Auðvelt ætti að vera að bæta umgjörðina um kríuvarpið þannig krían fái þrifist svo best verður á kosið. Vaxtamöguleikar kríuvarpsins eru í Gróttu. Þar virðist minkur há henni og þær undarlegu reglur, að ekki megi vitja um minkagildir á varptíma, þegar helst ætti að reyna að halda honum frá eygni. Hér virðast reglur og mat Umhverfisstofnunnar bita í hælana á sér og aðeins gera illt verra.

Hér verða nokkur atriði nefnd sem gætu verið hagstæð fyrir varpið á Seltjarnarnesi:

- Viðhalda malarblettunum í Dal í Suðurnesi árlega (10. mynd) og frekar að auka þá og jafnvel setja sand út víðar eins og í Gróttu og á Snoppu.
- Slá Nestún og víðar eftir varptíma, svo sinumyndun sé ekki of mikil fyrir kríu og margæsir. Jafnframt mætti slá bletti í Gróttu, til að auðvelda kríunni lífið.
- Girða kríuvörpin á golfvællinum af með einfaldri girðingu, t.d. streng milli staura, svo síður sé hætt á að golfarar elti kúlur sínar inni vörpin. Einhver brögð munu vera af eggjatöku í Suðurnesi og myndi slík girðing ef til vill hafa letjandi áhrif á eggjaræningja.
- Slá ekki nærri kríuvarpinu á Snoppu, fyrr en eftir að ungar eru fleygir, svo þeim stafi ekki hætt af sláttumönnum.
- Halda úti markvissri eyðingu minks, sérstaklega í Gróttu, þar sem hann virðist valda mestum skaða. Það þarf að leita reglulega að minki í Gróttu og vitja um gildirnar þar yfir varptímamann oft en annars. Hægt er að fylgjast með minkaferðum með sjálfvirkum myndavélum og/eða brettum sem skrá ferðir minka (þeir stíga á brettin og skilja þar eftir fótspor (Reynolds o.fl. 2004). Þá er hægt að bregðast skjótt við, ef vart verður við mink eða minka. Einnig þarf að leita með hundum á vorin, fyrir vartíma. Það verður að halda Gróttu minkalausri með öllum tiltækum ráðum.

## Heimildir

- eBird 2021. eBird: *An online database of bird distribution and abundance* [web application]. eBird, Cornell Lab of Ornithology, Ithaca, New York. Available: <http://www.ebird.org>. (sótt 12.12.2021).
- Elísa Skúladóttir & Sigurlaug Sigurðardóttir 2019. *Kríuvarp á Seltjarnarnesi ásamt öðru fuglalífi 2019*. Unnið fyrir Umhverfisnefnd Seltjarnarness, 62 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson 2016. *Verndaráætlun fugla og fuglasvæða á Seltjarnarnesi*. Unnið fyrir Umhverfisnefnd Seltjarnarness, 61 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson 2019. *Varpfuglar á Seltjarnarnesi sumarið 2019*. Skýrsla unnin fyrir Umhverfisnefnd Seltjarnarness, 21 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson 2019. *Drekabretti á Seltjarnarnesi – umsögn að beiðni umhverfisnefndar Seltjarnarness*, 8 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson & Ævar Petersen 1997. *Fuglar og spendýr á Seltjarnarnesi*. Bls. 43–61 og 97–110 í: Kristbjörn Egilsson (ritstj.), Sveinn Jakobsson, Jóhann Óli Hilmarsson, Ævar Petersen, Agnar Ingólfsson og María Björk Steinarsdóttir 1997. Náttúrufar á Seltjarnarnesi. - Seltjarnarnesbær, 112 bls.
- Náttúrufræðistofnun 2018. Válisti fugla. Sótt af: <https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>
- Náttúrufræðistofnun 2019. Náttúruminjaskrá. Álfтанes – Skerjafjörður. Sótt af: <https://www.ni.is/node/18023>.
- Reynolds, Jonathan C., Mike J. Short & Rhian J. Leigh 2004. *Development of population control strategies for mink Mustela vison, using floating rafts as monitors and trap sites*. Biological Conservation 120: 533-543. Sótt af: [https://www.researchgate.net/publication/223725819\\_Development\\_of\\_population\\_control\\_strategies\\_for\\_mink\\_Mustela\\_vison\\_using\\_floating\\_rafts\\_as\\_monitors\\_and\\_trap\\_sites](https://www.researchgate.net/publication/223725819_Development_of_population_control_strategies_for_mink_Mustela_vison_using_floating_rafts_as_monitors_and_trap_sites)
- Skýrslur um fuglalíf á Seltjarnarnesi frá 2001 o.fl. umhverfistengt: <http://www.seltjarnarnes.is/frettirotgefidefni/skyrslur/umhverfismal/>
- Margmiðlunarefni um náttúrfar og sögu Seltjarnarness: [www.seltjarnarnes.is/brunnur](http://www.seltjarnarnes.is/brunnur)



**10. mynd.** Dalur í Suðurnesi. Þar er afar mikilvægt varpsvæði fyrir marga fugla, kríur, endur, gæsir og mófugla. Malarbletturinn sem settur er út fyrir kríuna, sést vel á miðri mynd. Varpið er hvergi þéttara og kríunum finnst gott að sitja á mölinni og safnast þær þar gjarnan saman. Ljós. JÓH 14. júní 2021.



**11. mynd.** Seltjörn frá Gróttu 14. júní 2021. Gosið í Fagradalsfjalli í baksýn.



## Viðaukar

**1. viðauki.** Kríutalningar á Seltjarnarnesi í júní 2021. Fyrsti dálkurinn sýnir staðsetningu varps, annar dálkurinn heiti á korti (4. og 5. mynd). Næsti dálkur sýnir flatarmál varps þar sem snið voru tekin í m<sup>2</sup>. Fjórfi dálkurinn eru hreiður á sniðum í sniðtalningu, fimmti dálkur sýnir lengd sniðs, en öll sniðin voru 3 m breið. Síðan er þéttleiki eða tala hreiðra á fermetra og reiknaður þéttleiki út frá sniðtalningum á hverjum stað. Síðasti dálkurinn, áður en kemur að samanburðararunum sýnir talningar með dróna eða þar sem hreiðrin voru talin beint á vettvangi (B í Suðurnesi, Gróttu og Snoppa). Samanburður er við nokkur fyrri ár.

| Staður             | Heiti á korti | Stærð varps         | Hreiður í úrtaki | Lengd sniðs í m | Þéttleiki hr. á m <sup>2</sup> | Pör skv. sniðt. | Talið beint | 2021        | 2005        | 2007       | 2009        | 2013        | 2015        | 2017        | 2019        |
|--------------------|---------------|---------------------|------------------|-----------------|--------------------------------|-----------------|-------------|-------------|-------------|------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| Suðurnes           | Dalur A       | 3157 m <sup>2</sup> | 34               | 80              | 0,14                           | 450             |             | 450         | 710         | 85         | 220         | 750         | 550         | 710         | 245         |
| Suðurnes           | Dalur A2      | 5671 m <sup>2</sup> | 18               | 140             | 0,04                           | 230             |             | 230         |             |            |             |             |             |             |             |
| Suðurnes           | B             |                     |                  |                 |                                |                 | 21          | 21          | 160         | 30         | 30          | 23          | 15          | 15          | 5           |
| Suðurnes           | C             |                     |                  |                 |                                |                 |             | 0           | 30          | 6          | 10          | 0           | 0           | 0           | 0           |
| Suðurnes           | D             | 1195 m <sup>2</sup> | 10               | 46m             | 0,07                           | 85              | 118         | 118         | 160         | 40         | 70          | 285         | 85          | 250         | 195         |
| Suðurnes           | E             | 1500 m <sup>2</sup> | 45               | 61m             | 0,25                           | 375             | 347         | 347         | 260         | 25         | 20          | 338         | 310         | 280         | 300         |
| Suðurnes           | F             | 1016 m <sup>2</sup> | 7                | 54m             | 0,04                           | 82              | 147         | 147         | 290         | 24         | 40          | 65          | 380         | 265         | 195         |
| Suðurnes           | I             |                     |                  |                 |                                |                 |             | 0           | 140         | 15         | 65          | 18          | 0           | 0           | 1           |
| Suðurnes           | K             | 1056 m <sup>2</sup> | 11               | 45m             | 0,08                           | 85              | 152         | 152         | 290         | 40         | 80          | 126         | 100         | 420         | 150         |
| Suðurnes           | Q             |                     |                  |                 |                                |                 |             | 0           | 300         | 25         | 325         | 35          | 0           | 5           | 1           |
| <i>Suðurnes</i>    | <b>Alls</b>   |                     |                  |                 |                                |                 |             | 1465        | 2340        | 290        | 860         | 1640        | 1440        | 1945        | 1092        |
| Bakkatjörn         | Friðlandið    |                     |                  |                 |                                |                 |             | 0           | 120         | 0          | 45          | 0           | 0           | 0           | 0           |
| Bakkatjörn         | Hólminn       |                     |                  |                 |                                |                 |             | 0           | 0           | 10         | 20          | 1           | 0           | 0           | 0           |
| Snoppa, norður     | Snoppa A      |                     |                  |                 |                                |                 | 65          | 70          | 270         | 100        | 340         | 60          | 370         | 400         | 180         |
| Snoppa, suður      | Snoppa B      |                     |                  |                 |                                |                 | 20          | 20          | 70          | 10         | 50          | 1           | 0           | 5           | 0           |
| Gróttu, aðalvarp   | Gróttu A      |                     |                  |                 |                                |                 | 35          | 35          | 1600        | 100        | 540         | 358         | 430         | 20          | 240         |
| Gróttu, norður     | Gróttu B      |                     |                  |                 |                                |                 |             | 0           | 150         | 0          | 120         | 0           | 0           | 0           | 0           |
| <i>Gróttu</i>      | <b>Alls</b>   |                     |                  |                 |                                |                 |             | 35          | 1750        | 100        | 660         | 358         | 430         | 20          | 240         |
| <b>Heildartala</b> |               |                     |                  |                 |                                |                 |             | <b>1590</b> | <b>4550</b> | <b>510</b> | <b>1975</b> | <b>2060</b> | <b>2240</b> | <b>2370</b> | <b>1512</b> |

2. viðauki. Talningar á Bakkatjörn í apríl til ágúst 2021.

| Fuglar      | Dags.            | 22.4.  | 8.5.    | 1.6.  | 14.6.  | 5.7.  | 21.7. | 27.-28.8.  |
|-------------|------------------|--------|---------|-------|--------|-------|-------|------------|
|             | Tími             | 16:00  | 7:55    | 16:40 | 16:44  | 14:36 | 17:45 | 9:30/10:30 |
|             | Athugendur       | GLP/TG | EBR/IAS | JÓH   | JÓH ÓE | JÓH   | JÓH   | YK         |
| Álft        | Fullo            | 2      | 2       | 2     | 2      | 2     | 2     | 2          |
| Grágæs      | Fullo            | 9      | 15      | 8     | 16     |       |       | 46         |
| Margæs      |                  |        | 2       |       |        |       |       |            |
| Brandönd    | Steggur          |        |         | 1     |        | 1     | 1     |            |
| Brandönd    | Kolla            |        |         | 1     |        | 1     | 1     |            |
| Brandönd    | Ungi             |        |         |       |        | 5     | 5     |            |
| Brandönd    | Ókyngur.         |        |         |       |        |       |       |            |
| Rauðhöfði   | Steggur/ókyngur. | 2      | 1       | 3     |        | 1     |       | 8          |
|             | Kolla            |        | 1       | 1     |        |       |       |            |
| Skeiðönd    | Ókyngur.         |        |         |       |        |       |       | 1          |
| Gargönd     | Steggur/ókyngur. |        |         | 2     |        |       |       | 4          |
| Urtönd      | Steggur/ókyngur  |        | 2       |       |        |       |       | 4          |
| Duggönd     | Steggur          |        |         | 1     |        |       |       |            |
| Duggönd     | Kolla            |        |         | 1     |        |       |       |            |
| Stökkönd    | Steggur          |        |         | 9     | 13     | 14    | 1     | 25         |
|             | Kolla            |        |         | 4     | 4      | 2     | 2     |            |
|             | Ungi             |        |         |       |        | 2     | 5     |            |
| Stökkönd    | ókyngur.         | 9      | 11      |       |        |       | 1     |            |
| Skúfönd     | Steggur/ókyngur. | 12     | 2       | 16    | 20     | 11    | 1     | 5          |
| Skúfönd     | Kolla            |        |         | 5     | 3      | 5     | 2     |            |
| Æður        | Bliki/ókyngur.   | 6      | 19      | 8     | 11     |       |       |            |
|             | Kolla            |        |         | 1     | 12     | 34    |       |            |
|             | Ungi             |        |         |       | 4      | 5     |       |            |
| Hávella     | Steggur/ókyngur. | 2      | 28      |       |        |       |       |            |
|             | Kolla            | 2      |         |       |        |       |       |            |
| Toppönd     | Steggur          |        | 2       | 2     | 8      | 2     |       | 4          |
|             | Kolla            |        | 1       |       | 3      |       |       |            |
| Tjaldur     |                  | 7      | 10      | 3     | 9      | 4     | 16    |            |
| Sandlóa     |                  | 1      |         |       | 1      |       | 1     | 41         |
| Heiðlóa     |                  |        | 3       |       |        |       |       |            |
| Rauðbryst.  |                  |        |         |       |        |       |       | 2          |
| Sanderla    |                  |        |         | 1     |        |       |       | 1          |
| Sendlingur  |                  |        |         |       |        |       |       | 2          |
| Lóupræll    |                  |        |         | 1     |        | 16    | 72    | 151        |
| Rúkragi     |                  | 1      |         |       |        |       |       |            |
| Hrossagauk. |                  | 3      | 2       |       |        |       |       | 10         |
| Spói        |                  | 1      | 3       |       |        |       |       |            |
| Jaðrakan    |                  | 1      | 1       | 1     | 1      |       |       |            |
| Stelkur     |                  |        | 1       | 2     | 4      | 2     |       |            |
| Tildra      |                  |        | 2       |       |        | 1     | 13    | 28         |
| Óðinshani   |                  |        |         | 13    | 7      | 29    | 52    |            |

| <b>Fuglar</b>  |  | <b>22.4.</b> | <b>8.5.</b> | <b>1.6.</b> | <b>14.6.</b> | <b>5.7.</b> | <b>21.7.</b> | <b>27.-28.8.</b> |
|----------------|--|--------------|-------------|-------------|--------------|-------------|--------------|------------------|
| Hettumáfur     |  | 35           | 25          | 3           | 6            | 6           | 28           | 244              |
| Stormmáfur     |  | 1            |             |             |              |             |              |                  |
| Sílamáfur      |  | 50           | 50          | 33          | 161          | 87          | 217          | 68               |
| Silfurmáfur    |  | 3            | 2           | 3           | 4            | 5           | 6            | 21               |
| Bjartmáfur     |  | 1            |             |             |              |             |              |                  |
| Hvítmáfur      |  | 6            | 1           | 2           |              | 2           | 6            | 14               |
| Svartbakur     |  | 9            | 16          | 15          | 47           | 29          | 46           | 12               |
| Rita           |  |              |             |             |              |             |              | 13               |
| Kría           |  |              | 6           | 40          | 42           | 132         | 66           | 29               |
| Maríuerla      |  |              |             |             |              |             |              | 4                |
| Púfutittl.     |  |              |             |             |              |             |              | 2                |
| Stari          |  | 7            | 1           |             | 4            | 4           | 12           | 4                |
| Hrafn          |  | 1            |             |             |              |             |              |                  |
| <b>Samtals</b> |  | <b>171</b>   | <b>209</b>  | <b>182</b>  | <b>382</b>   | <b>402</b>  | <b>556</b>   | <b>745</b>       |

Talningafólk: Edward B. Rickson (EBR), Gunna Lára Pálmadóttir (GLP), Ingvar Atli Sigurðsson (IAS), höfundur (JÓH), Ólafur Einarsson (ÓE), Trausti Gunnarsson (TG), Yann Kolbeinsson (YK). Talningum Yanns 27.-28. ágúst er steipt saman í eina.

### 3. viðauki. Talningar í Dal í Suðurnesi í maí til ágúst 2021.

| Fuglar         | Dags.          | 8.5.        | 1.6.      | 14.6.      | 5.7.       | 21.7.     | 27.-28.8.  |
|----------------|----------------|-------------|-----------|------------|------------|-----------|------------|
|                | Tími           | 07:50/20:40 | 16:13     | 16:30      | 14:20      | 17:35     | 9:20/10:20 |
|                | Athugendur     | IAS         | JÓH       | JÓH ÓE     | JÓH        | JÓH       | YK         |
| Grágæs         | Fullo          | 7           | 6         | 31         | 40         |           |            |
| Grágæs         | Ungar          |             |           | 13         | 37+        |           |            |
| Margæs         |                | 170         |           |            |            |           |            |
| Brandönd       | Steggur        | 1           | 1         |            |            |           |            |
| Rauðhöfði      | Steggur        | 3           |           | 1          |            |           | 1          |
| Rauðhöfði      | Kolla          | 3           | 1         | 1          |            |           |            |
| Rauðhöfði      | Ungar          |             |           |            |            |           |            |
| Gargönd        | Steggur        | 1           | 2         | 1          |            |           | 2          |
| Gargönd        | kolla          |             | 1         |            | 1          | 1         |            |
| Gargönd        | Ungar          |             |           |            | 2          | 2         |            |
| Urtönd         | Steggur        |             | 3         |            |            |           | 5          |
| Stökkönd       | Steggur        | 4           | 3         |            |            |           | 1          |
| Stökkönd       | Kolla          | 4           |           |            | 1          | 2         |            |
| Stökkönd       | Ungar          |             |           |            | 5          | 7         |            |
| Skúfönd        | Steggur        |             | 2         |            |            |           |            |
| Skúfönd        | Kolla          |             | 1         |            | 1          | 1         |            |
| Skúfönd        | Ungar          |             |           |            | 8          |           |            |
| Æður           | Bliki/ókyngur. | 40          | 15        | 5          |            |           | 1          |
| Æður           | Ungur bliki    |             |           | 2          |            |           |            |
| Æður           | Kolla          |             | 7         | 16         | 4          |           |            |
| Æður           | Ungar          |             | 2         | 37         |            |           |            |
| Lómur          |                |             |           |            |            |           | 2          |
| Tjaldur        |                | 6           |           | 3          |            |           | 3          |
| Sandlóa        |                |             |           | 1          |            |           |            |
| Heiðlóa        |                |             | 1         |            |            |           | 2          |
| Sanderla       |                |             |           |            |            |           |            |
| Lóupræll       |                | 4           |           |            |            |           | 8          |
| Hrossagaukur   |                | 4           | 1         |            |            |           |            |
| Spói           |                |             |           |            |            |           |            |
| Jaðrakan       |                | 5           | 2         |            |            |           |            |
| Stelkur        |                | 2           | 2         |            |            |           |            |
| Tildra         |                |             |           |            |            |           | 1          |
| Óðinshani      |                | 4           | 2         | 2          | 15         | 1         | 4          |
| Hettumáfur     |                |             | 1         | 5          | 2          |           | 13         |
|                |                |             |           | 33         | 60         | 29        | 2          |
| Púfutittlingur |                |             |           |            |            |           | 3          |
| Maríuerla      |                |             |           |            |            |           | 3          |
| Stari          |                |             | 10        |            |            |           |            |
| <b>Samtals</b> |                | <b>258</b>  | <b>63</b> | <b>151</b> | <b>139</b> | <b>43</b> | <b>51</b>  |

Talningafólk: Ingvar Atli Sigurðsson (IAS), höfundur (JÓH), Ólafur Einarsson (ÓE), Yann Kolbeinsson (YK).